



**Varðandi:** Fjárhagsáætlun 2016

**Málsnúmer:** 1502210

**Dagsetning:** 2. desember 2015

---

### TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir breyttar forsendur fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2016.

<b>Tekjur</b>	<b>Var</b>	<b>Verður</b>
Skatttekjur – útsvar	10%	10,2%
Skatttekjur – fasteignagjöld	4,75%	4,75%
Jöfnunarsjóður	8%	8%
Lóðarleiga	8%	8%
Aðrar tekjur – þjónustutekjur	4,0%	3,2%
Aðrar tekjur – eignatekjur	4,0%	3,2%
Aðrar tekjur – endurgreiðslur	4,0%	3,2%
Aðrar tekjur	4,0%	4,0%
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld		
án lífeyrisskuldbindinga	8,5%	9,2%
Lífeyrisskuldbinding	48,5%	48,8%
Vörukaup	4,0%	3,2%
Þjónusta og orkukaup	4,0%	3,2%
Styrkir og framlög	4,0%	3,2%
<b>Fjármagnsliðir</b>		
Fjármagnsgjöld – verðbólga	4,5%	3,2%

---

### GREINARGERÐ:

Fyrri forsendur voru samþykktar í bæjarráði þann 29. september og í bæjarstjórn þann 11. nóvember síðastliðnum er frumvarpi að fjárhagsáætlun ársins 2016 var vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn. Forsendur frumvarpsins voru byggðar á spá Hagstofu Íslands frá 29. apríl,



## Akraneskaupstaður

minnisblöðum Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. júní og 14. september og Peningamálum Seðlabanka Íslands frá 19. ágúst síðastliðnum.

Breyttar forsendur byggjast á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 13. nóvember og minnisblaði Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16. nóvember síðastliðnum. Þær breytingar sem lagðar eru til felast í hærri launavísitölu sem nemur 0,7 % vegna aukinna launahækkana, sbr. þá kjarasamninga sem liggja fyrir núna, og lægri verðbólgu (vísitala neysluverðs) sem nemur 1,3%. Eftirfarandi áhrif verða á rekstrarreikning Akraneskaupstaðar vegna breytinganna:

	Frumvarp fyrri umræða krónur	Tillaga að breytingu stuðull	Frumvarp síðari umræðu krónur
Útsvar	3.241.425	1,0018	3.247.319
Fasteignaskattur	448.899	1,0000	448.899
Framlög jöfnunarsjóðs	828.163	1,0000	828.163
<b>Samtals</b>	<b>4.518.487</b>		<b>4.524.381</b>
Þjónustutekjur	223.609	1,0000	221.889
Eignatekjur	55.727	1,0000	55.298
Aðrar tekjur	149.964	1,0000	149.964
<b>Tekjur alls</b>	<b>4.947.787</b>		<b>4.951.532</b>
Launagjöld	3.041.274	1,0065	3.060.895
Lífeyrisskuldbinding	265.383	1,0000	267.095
Vörukaup	166.207	0,9923	164.928
Þjónustu og orkukaup	730.498	0,9923	724.879
Styrkir og framlög	401.190	0,9923	398.104
Annar rekstrarkostnaður	4.890	0,9923	4.852
<b>Gjöld fyrir afskriftir</b>	<b>4.609.442</b>		<b>4.620.754</b>
Afskriftir	173.682	1,0000	173.682
<b>Gjöld eftir afskriftir</b>	<b>4.783.124</b>		<b>4.794.436</b>
Vaxtatekjur	52.580	1,0000	52.580
Verðbætur, tekjur	34.605	0,8000	27.684
Vaxtatekjur, eigin fyrirtæki	0		0
Verðbætur, eigin fyrirtæki	0		0
Arður af eignarhlutum og ábyrgðargjald	63.000	1,0000	63.000
Vaxtagjöld	-89.666	1,0000	-89.666
Vaxtagjöld, eigin fyrirtæki	0		0
Verðbætur og gengismunur	-70.743	0,8000	-56.594
Verðbætur, eigin fyrirtæki	0		0
<b>Samtals fjármagnsliðir</b>	<b>-10.224</b>		<b>-2.996</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>154.439</b>		<b>154.099</b>



## Akraneskaupstaður

Heildarbreytingin á rekstrarreikningi A-hluta Akraneskaupstaðar leiðir til 340.000 króna lækkunar á rekstrarafgangi, frá 154.439 mkr. í 154.099 mkr.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.

Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri